



ÖLFUS

**Framkvæmdaleyfi til handa Vegagerðinni, Hringvegur frá Biskupstungnabraut að Kambarótum.**

Framkvæmdaleyfið tekur til að breikkunar á Hringveginum frá Kambarótum að Biskupstungnabraut. Framkvæmdasvæðið tekur yfir þrjú sveitarfélög, Hveragerðisbæ, Sveitarfélagið Ölfus og Sveitarfélagið Árborg.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti, þann 26. júlí 2018 á grunni heimildar í skipulagslögum að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Hringvegar frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022. Lögbundnir umsagnaraðilar hafa fjallað um framkvæmdina og yfirfarið framkvæmdagögnin. Gögn um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og matsskýrsla Vegagerðarinnar var staðfest af Skipulagsstofnun árið 2010. Veglínunni var síðar breytt og leitað álits Skipulagsstofnunar árið 2017. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að breytingar væru ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því væri breytingin ekki háð mati á umhverfisáhrifum eins og kemur fram í bréfi stofnunarinnar 11. janúar 2018. Í matsskýrslu Vegagerðarinnar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum af 2+2 vegi með mislægum gatnamótum. Ekki verða byggð mislæg gatnamót í fyrsta áfanga framkvæmda en rými tekið frá fyrir þau í framtíðinni í samræmi við skipulagsáætlun. Vegurinn verður unnin í áföngum og fyrst 2+1 vegur ásamt tengivegum og undirgöngum. Skilyrði fyrir að hefja framkvæmdir á hverjum áfanga fyrir sig er að fyrir liggi samþykki á milli Vegagerðarinnar og landeiganda um heimildir að fara yfir þeirra land með vegi. Framkvæmdaleyfið tekur til framkvæmda innan Sveitarfélagsins Ölfuss.

Framkvæmdaleyfið ásamt gögnum er á heiðasíðu Ölfus, [www.olfus.is](http://www.olfus.is).

Þorlákshöfn 26. júlí 2018.

f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.



f.h.  
**Sveitarfélagsins  
Ölfuss**



## FRAMKVÆMDALEYFI byggt á reglugerð nr. 772/2012.

### Framkvæmdaleyfi til handa Vegagerðinni, Hringvegur frá Biskupstungnabraut að Kambarótum.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli aðalskipulags sbr. 1. mgr. eða á grundvelli 8. og 9. gr. reglugerðar þessarar og fylgja umsókn yfirlitsmyndir sem sýnir staðsetningu og afmörkun framkvæmdasvæðis og úrdráttur úr aðalskipulagi sem sýnir afmörkun framkvæmdasvæðis. Umsókninni fylgja upplýsingar um veitur, aðkomu og aðstæður á framkvæmdasvæði, þ.m.t. hvort um sé að ræða hættusvæði eða náttúruverndarsvæði eða hvort á svæðinu séu náttúrufyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Mál nr. 1805030 og 1807010. Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti, þann 26. júlí 2018 á grunni heimildar í skipulagslögum að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir breikkun Hringvegur frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022. Lögbundnir umsagnaraðilar hafa fjallað um framkvæmdina og yfirfarið framkvæmdagögnin. Gögn um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar og matsskýrsla Vegagerðarinnar var staðfest af Skipulagsstofnun árið 2010. Veglínunni var síðar breytt og leitað álits Skipulagsstofnunar árið 2017. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að breytingar væru ekki líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því væri breytingin ekki háð mati á umhverfisáhrifum eins og kemur fram í bréfi stofnunarinnar 11. janúar 2018. Í matsskýrslu Vegagerðarinnar er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum af 2+2 vegi með mislægum gatnamótum. Ekki verða byggð mislæg gatnamót í fyrsta áfanga framkvæmda en rými tekið frá fyrir þau í framtíðinni í í samræmi við skipulagsáætlun. Vegurinn verður unnin í áföngum og fyrst 2+1 vegur ásamt tengivegum. Skilyrði fyrir að hefja framkvæmdir á hverjum áfanga er að fyrir liggi samþykki á milli Vegagerðarinnar og landeiganda um heimildir að fara yfir þeirra land með vegi. Framkvæmdaleyfið tekur til framkvæmda innan Sveitarfélagsins Ölfuss.

Framkvæmdaleyfið tekur til að breikkunar á Hringveginum frá Kambarótum að Biskupstungnabraut. Framkvæmdasvæðið tekur yfir þrjú sveitarfélög, Hveragerðisbæ, Sveitarfélagið Ölfus og sveitarfélagið Árborg.

Samþykkt eru framlögð gögn.

1. Umsókn um framkvæmdarleyfi frá 8. maí 2018.
2. Framkvæmdin nær yfir afmarkað svæði eins og kemur fram í gögnum með framkvæmdaleyfinu.
3. Í gögnum með umsókninni um framkvæmdaleyfi er framkvæmdinni lýst og hvernig gengið verður frá framkvæmdasvæðinu í lok verksins.
4. Gildistími framkvæmdaleyfis er eitt ár.
5. Vegagerðin er skráð fyrir umsókn um framkvæmdaleyfið.
6. Ekki fylgir með erindinu samningar við landeigendur um land sem fer undir vegi.
7. Matsskýrsla Vegagerðarinnar var staðfest af Skipulagsstofnun 2010. Skipulagsstofnun fjallaði um breytingar á verkinu og kom niðurstaða frá stofnuninni 11. janúar 2018.
8. Framkvæmdin sem framkvæmdaleyfið er veitt fyrir, skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sem fylgdu umsókninni.
9. Verði brugðið út frá samþykktum hönnunargögnum við framkvæmdina, skal tilkynna það leyfisveitanda og einnig Skipulagsstofnun ef framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.


### Meðfylgjandi gögn:

1. Umsókn og yfirlitsmynd fylgir umsókninni.
2. Greinargerð með lýsingu á framkvæmd og hvernig framkvæmd fellur að gildandi skipulagsáætlun og mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarleyfisgjald er í samræmi við gjaldskrá sveitarfélagsins.

Framkvæmdaleyfi þetta fellur úr gildi ef framkvæmdir hafa ekki hafist innan 12 mánaða frá 29. júní 2018.

Þorlákshöfn þann 26. júlí 2018



f.h.  
**Sveitarfélagsins**  
**Ölfuss**

---

Sigurður Ósmann Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Framkvæmdaleyfið gefið út í samræmi við gögn sem fylgja með.